Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 28. september 2015 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

Kringla ehf., kr. 2.294.887
kt. 431189-0979,
Sólvallagötu 25, Reykjavík

Reykjavík, 8. október 2015.

Borgar Þór Einarsson hdl.

(2015018315

Útgáfud.: 12. október 2015

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 18. mars 2015 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 28. september 2015 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

LK122 ehf., kr. 18.053.740
kt. 450399-2999,
Kleppsvegi 134, Reykjavík

Reykjavík, 8. október 2015.
Borgar Þór Einarsson hdl.
(2015018316

Útgáfud.: 13. október 2015

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands uppkveðnum 11. júní 2015 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 9. september 2015 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:	Lýstar kröfur:
Regin Jacobsen, kt. 030871-2279, Boðaslóð Vestmannaeyjum	kr. Kr. 20.528.624 5,

Vestmannaeyjar, 5. október
2015.
Sigurður Árnason hdl.
(2015018331

Útgáfud.: 13. október 2015

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 15. október 2014 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Skiptum á búinu var lokið 5. október 2015.

Skiptum lauk með úthlutunargerð úr þrotabúinu, en samkvæmt henni greiddist veðkrafa að fjárhæð kr. 1.391.005 að fullu. Ekkert greiddist upp í forgangskröfur, almennar kröfur og eftirstæðar kröfur.

Nafn bús:	Lýstar kröfur:
Hreinlegt ehf., kt. 550299-2169, Aðalstræti 6, Reykjavík	Veðkrafa kr. 1.391.005. Forgangskröfur kr. 1.990.765. Almennar kröfur kr. 12.840.841. Eftirstæðar kröfur kr. 160.160.

Reykjavík, 5. október 2015.
Hilmar Magnússon hrl.
(2015018332

Útgáfud.: 13. október 2015

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 4. júlí 2013 var neðangreint dánarbú tekið til opinberra skipta. Sama

dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í dánarbúinu.
Skiptum á búinu var lokið 2. október 2015.

Nafn bús:	Lýstar kröfur:
-----------	----------------

Þuríður Sævarsdóttir, kt. 200960-3789, Hverfisgötu 75, Reykjavík	kr. 4.621.855
--	---------------

Reykjavík, 5. október 2015.
Grétar Már Ólafsson hdl.
(2015018337

Útgáfud.: 14. október 2015

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 21. nóvember 2014 var neðangreint dánarbú tekið til opinberra skipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í dánarbúinu.

Skiptum á búinu var lokið 1. október 2015.

Nafn bús:	Lýstar kröfur:
-----------	----------------

Sigrún Eypórsdóttir, kt. 240819-2799, Rauðalæk 59, Reykjavík	kr. 3.532.983
--	---------------

Reykjavík, 7. október 2015.
Magnús Björn Brynjólfsson hrl.

(2015018609

Útgáfud.: 14. október 2015

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 25. júní 2014 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 7. ágúst 2015 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:	Lýstar kröfur:
-----------	----------------

Nördinn ehf., kt. 590109-0960, Ármúla 42, Reykjavík	kr. 14.720.045
---	----------------

Reykjavík, 7. október 2015.
Magnús Björn Brynjólfsson hrl.

(2015018610

Útgáfud.: 14. október 2015

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 4. mars 2015 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 6. október 2015 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

BBF 2014 ehf.,
kt. 530503-2080,
Bræðraborgarstíg
Reykjavík

16,

kr. 295.771.186

Reykjavík, 6. október 2015.

Guðni Á. Haraldsson hrl.

(2015018611

Útgáfud.: 14. október 2015

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 1. apríl 2015 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Skiptum á búinu var lokið 9. október 2015 samkvæmt 154. gr. laga nr. 21/1991 með því að allar lýstar kröfur voru afturkallaðar.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

Stofnás ehf.,
kt. 500505-1560,
Jónsgeisla 15, Reykjavík

Lýstar kröfur námu samtals
kr. 14.867.624.

Reykjavík, 9. október 2015.

Valtýr Sigurðsson hrl.

(2015018631

Útgáfud.: 12. október 2015

Auglýsing um skipulag - Grindavíkurbær

Endurskoðun aðalskipulags Grindavíkur 2010-2030. Skipulags- og matslýsing.

Bæjarstjórn Grindavíkur auglýsir hér með skipulags- og matslýsingu vegna endurskoðunar á aðalskipulagi Grindavíkur 2010-2030, samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og laga um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006.

Helstu viðfangsefni endurskoðunar aðalskipulags Grindavíkur 2010-2030 eru eftirfarandi:

- Setja stefnu um svæðið milli i5 og i4, en skipulagi svæðisins var frestað við síðustu endurskoðun aðalskipulagsins.
- Setja skýrari skilmála og stefnu um ferðaþjónustu.
- Setja skilmála um iðnaðarstarfsemi á iðnaðarsvæði i4.
- Endurskoða stefnu um málaflokkinn opin svæði, útivist og íþróttir.
- Meta þörfina fyrir endurskoðun á ákv. þáttum samgöngumála.
- Uppfærsla uppdrátta og greinargerðar m.t.t. breytinga sem gerðar hafa verið á aðalskipulagi Grindavíkur 2010-2030.
- Samræming aðalskipulags við ný skipulagslög og nýja skipulagsreglugerð.

Skipulags- og matslýsing verða til sýnis á bæjarskrifstofum Grindavíkur, Víkurbraut 62, 2. hæð, frá og með 12. október 2015 til og með 12. nóvember 2015 og á heimasíðu sveitarfélagsins www.grindavik.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta, er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við skipulags- og matslýsinguna. Frestur til að skila inn ábendingum/athugasemdum er til 12. nóvember 2015 og skal senda þær á netfangið armann@grindavik.is eða skila þeim skriflega á bæjarskrifstofu Grindavíkur, Víkurbraut 62, 240 Grindavík.

F. h. bæjarstjórnar Grindavíkur,
Ármann Halldórsson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

(2015018301

Útgáfud.: 13. október 2015

Auglýsing um skipulag - Grindavíkurbær

Bæjarstjórn Grindavíkur samþykkti þann 29. september sl. að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir gamla bæinn í Grindavík skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagssvæðið er alls 14,3 ha og tekur yfir elsta hluta þéttbýlis í Grindavík. Megin markmið skipulagsins er að skilgreina ramma um gamla bæinn og skapa heildarsvip fyrir svæðið. Deiliskipulagstillagan felur í sér ákvæði um götur, lóðastærðir, húsagerðir og gerir ráð fyrir að haldið verði í svipmót byggðarinnar og sögu svæðisins. Í tillögunni eru 3 nýjar götur og 20 nýjar lóðir. Tillögunni fylgir húsakönnun og skýringaruppdrættir.

Tillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofum Grindavíkur, Víkurbraut 62, 2. hæð frá og með 14. október 2015 til og með 2. desember 2015 og á heimasíðu sveitarfélagsins www.grindavik.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta, er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn ábendingum/athugasemdum er til 2. desember 2015 og skal senda þær, merktar „deiliskipulag fyrir gamla bæinn“ á netfangið armann@grindavik.is eða skila þeim skriflega á bæjarskrifstofu Grindavíkur, Víkurbraut 62, 240 Grindavík.

F. h. bæjarstjórnar Grindavíkur,
Ármann Halldórsson sviðsstjóri skipulags- og
umhverfissviðs.

(2015018318

Útgáfud.: 13. október 2015

Auglýsing um skipulag í Mosfellsbæ

Tillögur að deiliskipulagi og breytingum á deiliskipulagi:
Mosfellsbær auglýsir hér með skv. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eftirtaldir tvær tillögur að breytingum/endurskoðun á deiliskipulagi:

Hestaíþróttasvæði á Varmárbökkum:

Um er að ræða tillögu að endurskoðun deiliskipulags á svæðinu, sem er frá ýmsum tímum á árabílinu 1981-2000. Deiliskipulagið er sett fram sem ein heild en með nokkrum viðbótum, uppfærslum og breytingum á skilmálum, s.s. varðandi viðbyggingar við hesthús, stækkunarmöguleika reiðhallar og félagsheimilis, nýjar reiðleiðir austan og vestan hesthúsa og stækkun bílastæða og kerrustæðis sunnan reiðhallar. Ekki er um að ræða fjölgun hesthúsa.

Gerplustræti 7-11, miðhverfi Helgafellshverfis:

Tillagan er um fjölgun íbúða úr 22 í 25 og tilslökun á kröfum um bílastæði þannig að fyrir hverja íbúð 70 m² og minni (var 60 m²) skuli vera 1,5 stæði innan lóðar sem megi öll vera ofanjarðar. Sýndir eru byggingarreitir fyrir bílakjallara og gerð grein fyrir fjölgun bílastæða ofanjarðar innan lóðar.

Einnig er auglýst skv. 40. gr. skipulagslaga tillaga að nýju deiliskipulagi:

Lóð við Reykjaveg fyrir raðhús:

Tillaga um að óbyggður skiki með landnámeri 123781 úr landi Sólvala vestan/sunnan Reykjavegar verði að þrískiptri lóð fyrir þriggja íbúða, einnar hæðar raðhús sem verði nr. 62A-C við Reykjaveg. Gerður er byggingarreitur 10 m frá lóðarmörkum að götu, hámarksstærð íbúða sett 170 m² og hámarksmænishæð sett 5,5 m.

Ofangreindar tillögur verða til sýnis í þjónustuveri Mosfellsbæjar Þverholti 2, frá 13. október 2015 til og með 24. nóvember 2015, svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér þær og gert við þær athugasemdir. Tillögurnar eru einnig birtar á heimasíðu Mosfellsbæjar á slóðinni mosfellsbaer.is/skipulagsauglysingar.

Athugasemdir skulu vera skriflegar og skal senda þær til skipulagsnefndar Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ, eigi síðar en 24. nóvember 2015.

8. október 2015.

Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar.

(2015018325

Útgáfud.: 14. október 2015

Auglýsing um skipulag - Reykjavíkurborg

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að deiliskipulagi í Reykjavík.

Akurholt:

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 30. september 2015 var samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Akurholt í Úlfarsfelli. Í tillögunni felst að skilmálar landnotkunar heimili rekstur gistiskála í flokki II, veitingasölu og hestaleigu. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Kjalarvogur 12:

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 30. september 2015 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 12 við Kjalarvog. Í breytingunni felst að lóðarmörkum er breytt og lóð stækkuð, byggingareitur er breyttur og nýtingarhlutfall er hækkað. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Gamla höfnin - Vesturbugt:

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 30. september 2015 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vesturbugtar, Gömlu hafnarinnar. Í breytingunni felst m.a. að íbúðir eru minnkaðar og þeim fjölgað, byggingarmagn er óbreytt sem og hámarkshæð húsa á reit 03 og 04. Staðsetning sorpgáma breytist, leyfðir verða litlir svalagangar og heimilaður verður leikskóli á 1.og 2.hæð. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Austurbakki 2, reitur 5:

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 23. september 2015 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Austurhafnar vegna lóðarinnar nr. 2 við Austurbakka. Í breytingunni felst að heimiluð er 7. hæð á reit 5 að hámarki 600 m² fyrir opna veitingaþjónustu og verður efsta hæðin inndregin um 5 metra frá byggingarlínu. Einnig skulu handrið lúta sömu skipulagskröfum og skjólvirki hvað varðar hámarkshæð og gegnsæi. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8.20-16.15 frá 14. október 2015 til og með 25. nóvember 2015. Einnig má sjá tillögurnar á vefsíðunni, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 25. nóvember 2015. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,
Björn Axelsson.

(2015018349

Útgáfud.: 14. október 2015

Auglýsing um skipulag - Akureyrarkaupstaður

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar auglýsir hér með skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillögu að deiliskipulagsbreytingu.

Svæðið sem breytingum tekur nær til Hólmatúns 2 og aðliggjandi gatna. Tillagan gerir ráð fyrir breytingum á lóðamörkum skólalóðarinnar, fjölgun bílastæða auk fleiri breytinga.

Tillöguuppráttur ásamt greinargerð mun liggja frammi í þjónustuanddyri Akureyrarkaupstaðar, Geislagötu 9, 1. hæð, frá 14. október til 25. nóvember 2015, svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér tillöguna og gert við hana athugasemdir. Tillagan er einnig birt á heimasíðu Akureyrarkaupstaðar: www.akureyri.is/skipulagsdeild undir: *Auglýstar tillögur*.

Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna rennur út kl. 16.00 miðvikudaginn 25. nóvember og skal athugasemdum skilað skriflega til Skipulagsdeildar Akureyrarkaupstaðar, Geislagötu 9, 3. hæð eða með tölvupósti (skipulagsdeild@akureyri.is) þar sem nafn, kennitala og heimilisfang sendanda kemur fram.

14. október 2015.

Skipulagsstjóri Akureyrarkaupstaðar.

(2015018351

Útgáfud.: 14. október 2015

Auglýsing um skipulag - Djúpavogshreppur

Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008-2020: Hringvegur um Berufjarðarbotn.

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps samþykkti þann 29. september 2015 að auglýsa tillögu að breytingu á aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008-2020, skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Tillagan tekur til breyttrar legu Hringvegar um Berufjarðarbotn - veglínu Z.

Skipulagsuppráttur ásamt greinargerð og umhverfisskýrslu mun liggja frammi til kynningar í skrifstofu Djúpavogshrepps, Bakka 1, Djúpavogi og hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík, frá 14. október til 25. nóvember 2015. Einnig mun tillagan vera aðgengileg á heimasíðu Djúpavogshrepps: www.djupivogur.is undir liðnum „Aðalskipulag“.

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til sveitarstjóra Djúpavogshrepps, Bakka 1, 765 Djúpavogi eða á netfangið sveitarstjori@djupivogur.is, eigi síðar en 25. nóvember 2015. Vinsamlegast gefið upp nafn, kennitölu og heimilisfang sendanda innsendra ábendinga og athugasemda. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan gefins frests telst vera henni samþykktur.

Sveitarstjóri Djúpavogshrepps.

(2015018357

Útgáfud.: 14. október 2015

Auglýsing starfsleyfistillögu

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 14. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs liggur nú frammi til kynningar tillaga að starfsleyfi fyrir Norðurþing, kt. 640169–5599, vegna urðunarstaðar við Kópasker, Norðurþingi.

Tillagan, ásamt fylgiskjöllum, mun liggja frammi til kynningar í afgreiðslu stjórnsýsluhúss Norðurþings, Bakkagötu 10, Kópaskeri, á tímabilinu 14. október-9. desember 2015.

Athugasemdir við tillöguna skulu vera skriflegar og sendar Umhverfisstofnun. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 9. desember 2015.

Einnig má nálgast tillöguna og fylgiskjöl á heimasíðu Umhverfisstofnunar, <http://www.umhverfisstofnun.is/>.

Umhverfisstofnun.

(2015018348

Útgáfud.: 14. október 2015

Auglýsing starfsleyfistillögu

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 14. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs liggur nú frammi til kynningar tillaga að starfsleyfi fyrir Norðurþing, kt. 640169–5599, vegna urðunarstaðar í Laugardal, Norðurþingi.

Tillagan, ásamt fylgiskjöllum, mun liggja frammi til kynningar í afgreiðslu stjórnsýsluhúss Norðurþings, Ketilsbraut 7–9, Húsavík, á tímabilinu 14. október-9. desember 2015.

Athugasemdir við tillöguna skulu vera skriflegar og sendar Umhverfisstofnun. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 9. desember 2015.

Einnig má nálgast tillöguna og fylgiskjöl á heimasíðu Umhverfisstofnunar, <http://www.umhverfisstofnun.is/>.

Umhverfisstofnun.

(2015018350

Útgáfud.: 12. október 2015

Stefna - til ógildingar á veðskuldabréfi

**Dómstjóri héraðsdóms Reykjavíkur,
Ingimundur Einarsson,**

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Helgi Sigurðsson hrl. f.h. Harðar Hjartarsonar, kt. 200622-7319, Hraunvangi 7 í Hafnarfirði, að hann þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á veðskuldabréfi útgefnu af Herði Harðarsyni, kt. 061158-3919, til stefnanda þann 15. september 1995.

Dómkröfur: Stefnaði kveðst gera þær kröfur að ógilt verði með dómi veðskuldabréf upphaflega að fjárhæð kr. 2.200.000 tryggt með 3. veðrétti og uppfærslurétti í

fasteigninni Naustahlein 7 í Garðabæ, fastanr. 207-19-60, sem útgefið var af Herði Harðarsyni, kt. 061158-3919, til stefnanda, þann 5. september 1995.

Fyrirsvar: Stefnandi kveður Helga Sigurðsson hrl. reka mál þetta fyrir sína hönd.

Málavextir og málsástæður: Stefnandi kveður ofangreint veðskuldabréf vera útgefið af Herði Harðarsyni, kt. 061158-3919, Vesturbergi 78, í Reykjavík, upphaflega til stefnanda þann 15. september 1995 að fjárhæð 2.200.000, tvær milljónir og tvö hundruð þúsund 00/100. Stefnandi kveður skuldara veðskuldabréfsins, Hörð Harðarson vera son sinn og að með útgáfu veðskuldabréfsins hafi verið veðsett með 3. veðrétti og uppfærslurétti fasteignin Naustahlein 7 í Garðabæ, fastanr. 207-19-60, sem sé þinglýst eign stefnanda. Stefnandi segir að veðskuldabréfið sé uppgreitt en hafi týnst í sínum förum og ekki fundist þrátt fyrir ítarlega leit. Þar sem ekki sé mögulegt að fá veðskuldabréfið leyst úr veðböndum þeirrar fasteignar sem það hvílir á án frumrits veðskuldabréfsins eða ógildingardóms sé stefnanda nauðsynlegt að fá veðskuldabréfið ógilt með dómi.

Lagarök: Um lagarök kveðst stefnandi vísa til 120. og 121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og um stefnufrest til 3. mgr. 91. gr. laganna.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins kveðst stefnandi munu leggja fram eftirtalin skjöl:

Stefnu þessa.

Skrá yfir framlögð skjöl.

Afrit af veðskuldabréfi útgefnu af Herði Harðarsyni, kt. 061158-3919, þann 15. september 1995, að fjárhæð kr. 2.200.000.

Veðbókarvottorð fasteignarinnar Naustahlein 7, Garðabæ, fastanr. 207-19-60.

Lögbirtingablað með stefnubirtingu.

Áskorun og fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, sem kann að hafa framangreint veðskuldabréf í förum sínum, eða telur til réttar yfir því, til þess að mæta á dómþing sem haldið verður í héraðsdómi Reykjavíkur, Dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, fimmtudaginn 12. nóvember kl. 10.00 í dómsal. 102, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki lögð fram í dóm, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til bréfanna og mótmæla framangreindum kröfum. Að öðrum kosti má búast við því að útivistardómur gangi í málinu og kröfur stefnanda um ógildingu verði teknar til greina. Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 2. október 2015.

Ingimundur Einarsson.

(2015018303

Útgáfud.: 12. október 2015

Stefna - til ógildingar á veðskuldabréfi

**Dómstjóri héraðsdóms Reykjavíkur,
Ingimundur Einarsson,**

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Helgi Sigurðsson hrl. f. h. Harðar Hjartarsonar, kt. 200622-7319, Hraunvangi 7 í Hafnarfirði, að hann þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á veðskuldabréfi útgefnu af Herði Harðarsyni, kt. 061158-3919, til Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis þann 25. júlí 1988.

Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera þær kröfur að ógilt verði með dómi veðskuldabréf upphaflega að fjárhæð kr. 850.000, sem útgefið var af Herði Harðarsyni, kt. 061158-3919, til Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, þann 25. júlí 1988.

Fyrirsvar: Stefnandi kveður Helga Sigurðsson hrl. reka mál þetta fyrir sína hönd.

Málavextir og málsástæður: Stefnandi kveður ofangreint veðskuldabréf vera útgefið af Herði Harðarsyni, kt. 061158-3919, Vesturbergi 78, í Reykjavík, syni stefnanda, til Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, þann 25. júlí 1988, að fjárhæð 850.000, átta hundruð og fimmtíu þúsund. Stefnandi kveður veðskuldabréfið upphaflega hafa hvílt á 2 veðrétti og uppfærslurétti í fasteigninni Naustahlein 7 í Garðabæ, fastanr. 207-19-60, þinglýst eign stefnanda, skv. veðsetningarheimild þann 2. október 1990. Þá kveður stefnandi að lánið hafi átt að endurgreiða með 48 afborgunum á eins mánaða fresti í fyrsta skipti 5. september 1988. Stefnandi kveður veðskuldabréfið vera löngu uppgreitt og hafi í kjölfarið verið afhent skuldara, en hafi týnst og ekki fundist þrátt fyrir ítarlega leit. Þar sem ekki sé mögulegt að fá veðskuldabréfið leyst úr veðböndum þeirrar fasteignar sem það hvílir á án frumrits veðskuldabréfsins eða ógildingardóms sé stefnanda sem þinglýstum eiganda nauðsynlegt að fá veðskuldabréfið ógilt með dómi.

Lagarök: Um lagarök kveðst stefnandi vísa til 120. og 121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og um stefnufrest til 3. mgr. 91. gr. laganna.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins kveðst stefnandi munu leggja fram eftirtalin skjöl:

Stefnu þessa.

Skrá yfir framlögð skjöl.

Afrit af veðsetningarheimild fasteignarinnar Naustahlein 7, Garðabæ, fastanr. 207-19-60, þann 2. október 1990 og veðskuldabréfi útgefnu af Herði Harðarsyni, kt. 061158-3919 þann 25. júlí 1988, að fjárhæð kr. 850.000.

Veðbókarvottorð fasteignarinnar Naustahlein 7, Garðabæ, fastanr. 207-19-60.

Yfirlýsing Slitastjórnar Spron, dags. 1. október 2015.

Lögbirtingablað með stefnubirtingu.

Áskorun og fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, sem kann að hafa framangreint veðskuldabréf í förum sínum, eða telur til réttar yfir því, til þess að mæta á dómþing sem haldið verður í héraðsdómi Reykjavíkur, Dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, fimmtudaginn 12. nóvember kl. 10.00 dómsal 102, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki lögð fram í dóm, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til bréfanna og mótmæla framangreindum kröfum. Að öðrum kosti má búast við því að útivistardómur gangi í málinu og kröfur stefnanda um ógildingu verði teknar til greina.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 2. október 2015.

Ingimundur Einarsson.

(2015018305

Útgáfud.: 14. október 2015

Stefna - til ógildingar á veðskuldabréfi

**Dómstjóri héraðsdóms Austurlands,
Hildur Briem,**

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Hannes J. Hafstein hdl., Laugavegi 99, Reykjavík, að hann þurfi fyrir hönd Byko ehf., kt. 460169-3219, Skemmuvegi 2a, Kópavogi, að höfða mál fyrir héraðsdómi Austurlands til ógildingar á veðskuldabréfi.

Dómkröfur: Stefnandi gerir þær kröfur að ógilt verði með dómi veðskuldabréf að fjárhæð kr. 6.231.900, útgefið þann 6. október 2008 af G.T. ehf. (nú Rekstur 97 ehf.), kt. 420597-3399, Egilsbraut 6, Neskaupsstað, til Byko ehf. Til tryggingar skuld þessari var sett að veði með 5. veðrétti bújörðin Ásgeirsstaðir, Fljótsdalshéraði, fastanr. 158051, ásamt einbýlishúsi á jörðinni, fastanr. 226-6047, svo og sumarhús, fastanr. 217-6351. Veðskuldabréfið er númer 426-F-001283/2008 í þinglýsingarbók.

Málsástæður: Stefnandi kveður umrætt bréf hafa verið gefið út í tengslum við fjármögnun vegna framkvæmda við fasteignina. Veðskuldabréfið var upphaflega að fjárhæð kr. 6.231.900 sem skyldu greiðast með 24 jöfnum afborgunum í fyrsta sinn þann 20. nóvember 2008. Til tryggingar skuld þessari var sett að veði með 5. veðrétti bújörðin Ásgeirsstaðir, Fljótsdalshéraði, fastanr. 158051, ásamt einbýlishúsi á jörðinni, fastanr. 226-6047, svo og sumarhús, fastanr. 217-6351. Skuld samkvæmt veðskuldabréfinu er að fullu greidd.

Frumrit veðskuldabréfsins er glatað og hefur ekki fundist þrátt fyrir mikla eftirgrennslan. Stefnandi hefur ekki getað aflétt veðböndum af hinu veðsetta eins og honum ber skylda til. Stefnanda er því nauðsynlegt að fá ógildingardóm fyrir bréfinu til þess að hann geti aflétt veðböndunum eins og skuldari bréfsins á kröfu til.

Lagarök: Stefnandi höfðar málið með heimild í 120. og 121. gr. laga nr. 91 frá árinu 1991 um meðferð einkamála og 3. mgr. 91. gr. sömu laga. Málið er höfðað fyrir Héraðsdómi Austurlands skv. 2. mgr. 120. gr. laga nr. 91/1991. Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaðinu skv. 3. mgr. 121. gr. laga nr. 91/1991.

Sönnunargögn: Við þingfestingu máls þessa kveðst stefnandi munu leggja fram:

Stefnu þessa.

Útrentun auglýsingar stefnu þessarar í Lögbirtingablaði.

Afrit veðskuldabréfs nr. 426-F-001283/2008.

Veðbandayfirlit bújarðarinnar Ásgeirsstaðir, Fljótsdalshérað, einbýlishúss og sumarhúss.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, sem kann að hafa framangreint veðskuldabréf undir höndum, eða

telur til réttar yfir því, til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Austurlands sem haldið verður að Lyngási 15, Egilsstöðum, þriðjudaginn 17. nóvember 2015, kl. 14.00, þegar mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til viðkomandi veðskuldabréfs. Að öðrum kosti má búast við að útivistardómur gangi í málinu og krafa stefnanda um ógildingu veðskuldabréfsins verði tekin til greina. Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Egilsstöðum, 25. september 2015.

Hildur Briem.

(2015018615

Útgáfud.: 14. október 2015

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Arion banki hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, Reykjavík.

Stefndu: Kristina Bogdanovic, kt. 120784-4049, með óþekkt heimilisfang í Serbíu og Bojan Bogdanovic, kt. 290177-2359, með óþekkt heimilisfang í Serbíu.

Kröfunúmer 0301-130555.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Karl Óttar Pétursson, hrl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 2.521.101, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af kr. 2.521.101 frá 1. ágúst 2013 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Málsatvik og málsástæður: Krafa stefnanda er byggð á verðtrygðu skuldabréfi nr. 311800835 útgefnu af stefndu þann 23. apríl 2007, sbr. dskj. nr. 3. Með útgáfu skuldabréfsins viðurkenndu stefndu að skulda Kaupþingi banka hf. (nú stefnanda) kr. 3.560.000 en fjárhæðin er vísitölutryggð m.v. vísitölu neysluverðs með grunnvísitöluna 267,1. Skuldina skyldi endurgreiða með 120 afborgunum á eins mánaðar fresti, í fyrsta sinn þann 1. júní 2007. Samkvæmt skilmálum skuldabréfsins skyldi greiða 5,95% fasta vexti af höfuðstól skuldarinnar. Vextir skyldu reiknast frá útgáfudegi skuldabréfsins og greiðast eftir á, á sama tíma og afborganir.

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu skuldabréfsins var fasteignin Dvergabakki 34, Reykjavík, fastanr. 204-7452 sett að veði, með 8. veðrétti og uppfærslurétti.

Gjaldþagi skuldabréfsins þann 1. ágúst 2013 hefur ekki verið greiddur og var skuldabréfið gjaldfellt miðað við þann dag. Námu þá eftirstöðvar skuldarinnar samtals kr. 2.521.101, sem er stefnufjárhæð málsins, en þar af námu samningsvextir kr. 8.035. Bankakostnaður eða áfallinn innheimtukostnaður, er að fjárhæð kr. 12.895. Krafa um bankakostnað er vegna kostnaðar stefnanda við að halda kröfu sinni til haga vegna vanskila stefndu fram að löginheimtu og byggist fjárhæðin á gjaldskrá stefnanda, sbr. dskj. nr. 9.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a. liðar 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt upplýsingum þjóðskrár eru stefndu sögð búsett í Serbíu en ekki er nánar vitað um heimilisfang þeirra. Birting greiðsluáskorunar fyrir stefndu hefur ekki tekist sbr. dskj. nr. 6 til 8. Því er nauðsynlegt fyrir stefnanda að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt skilmálum skuldabréfsins ber stefnda að greiða dráttarvexti af gjaldfallinni eða gjaldfelldri fjárhæð í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Samkvæmt almennum reglum kröfuréttarins og meginreglu samningaréttarins um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga ber stefnda að greiða kröfuna. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Lagatilvísanir: Vísad er til almennra reglna kröfuréttarins og meginreglu samningaréttarins um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga en reglur þessar fá m.a. stöð í lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við ákvæði laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 35. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, þar sem greiðslustaður er í Reykjavík, þar sem stefnandi hefur höfuðstöðvar sínar.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefna.
2. Skrá.
3. Veðskuldabréf nr. 311800835.
- 4-5. Staðfesting frá Þjóðskrá um heimilisfang.
6. Staðfesting Utanríkisráðuneytisins um óþekkt heimilisfang.
7. Staðfesting innheimtuoðila erlendis um óþekkt heimilisfang.
8. Greiðsluáskoranir og birtingarvottorð.
9. Gjaldskrá Arion banka hf.
10. Staða láns.
11. Eintak Lögbirtingablaðs með stefnubirtingunni.
12. Málskostnaðarreikningur.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómsal nr. 102, dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, þann 10. desember 2015, kl. 10.00 og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefndu og/eða fyrirsvarsmanna stefndu við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefndu með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 25. september 2015.

F. h. stefnanda,

Karl Óttar Pétursson hrl.

(2015018632

Útgáfud.: 14. október 2015

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Arion banki hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, Reykjavík.

Stefndu: Kristina Bogdanovic, kt. 120784-4049, óþekkt heimilisfang í Serbíu og Bojan Bogdanovic, kt. 290177-2359, óþekkt heimilisfang í Serbíu.

Kröfunúmer 0301-130556.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Karl Óttar Pétursson hrl., rekur mál þetta f. h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 21.664.930, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af kr. 21.664.930 frá 18. ágúst 2013 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Málsatvik og málsástæður: Krafa stefnanda er byggð á verðtryggðu skuldabréfi nr. 371800834 útfefnu af stefndu þann 23. apríl 2007, sbr. dskj. nr. 3. Með útgáfu skuldabréfsins viðurkenndu stefndu að skulda Kaupþingi banka hf. (nú stefnanda) kr. 14.240.000 en fjárhæðin er vísitölutryggð m.v. vísitölu neysliverðs með grunnvísitöluna 267,1. Skuldina skyldi endurgreiða með 493 afborgunum á eins mánaðar fresti, í fyrsta sinn þann 1. júní 2007. Samkvæmt skilmálum skuldabréfsins skyldi greiða 4,95% fasta vexti af höfuðstól skuldarinnar. Vextir skyldu reiknast frá útgáfudegi skuldabréfsins og greiðast eftir á, á sama tíma og afborganir.

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu skuldabréfsins var fasteignin Dvergabakki 34, Reykjavík, fastanr. 204-7452 sett að veði, með 8. veðrétti og uppfærslurétti.

Gjaldtagi skuldabréfsins þann 1. ágúst 2013 hefur ekki verið greiddur og var skuldabréfið gjaldfelld miðað við þann dag. Námu þá eftirstöðvar skuldarinnar samtals kr. 2.521.101, sem er stefnufjárhæð málsins, en þar af námu samningsvextir kr. 87.051. Bankakostnaður, eða áfallinn innheimtukostnaður, er að fjárhæð kr. 31.207. Krafa um bankakostnað er vegna kostnaðar stefnanda við að halda kröfu sinni til haga vegna vanskila stefndu fram að löginneimtu og byggist fjárhæðin á gjaldskrá stefnanda, sbr. dskj. nr. 9.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a. liðar 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt upplýsingum þjóðskrár eru stefndu sögð búsett í Serbíu en ekki er nánar vitað um heimilisfang þeirra. Birting greiðsluáskorunar fyrir stefndu hefur ekki tekist sbr. dskj. nr. 6 til 8. Því er nauðsynlegt fyrir stefnanda að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt skilmálum skuldabréfsins ber stefnda að greiða dráttarvexti af gjaldfallinni eða gjaldfelldri fjárhæð í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma

um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Samkvæmt almennum reglum kröfuréttarins og meginreglu samningaréttarins um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga ber stefnda að greiða kröfuna. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Lagatilvísanir: Vísað er til almennra reglna kröfuréttarins og meginreglu samningaréttarins um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga en reglur þessar fá m.a. stoð í lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við ákvæði laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 35. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, þar sem greiðslustaður er í Reykjavík, þar sem stefnandi hefur höfuðstöðvar sínar.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefna.
2. Skrá.
3. Veðskuldabréf nr. 311800835.
- 4-5. Staðfesting frá Þjóðskrá um heimilisfang.
6. Staðfesting Utanríkisráðuneytisins um óþekkt heimilisfang.
7. Staðfesting innheimtuaðila erlendis um óþekkt heimilisfang.
8. Greiðsluáskoranir og birtingarvottorð.
9. Gjaldskrá Arion banka hf.
10. Staða láns.
11. Eintak Lögbirtingablaðs með stefnubirtingunni.
12. Málskostnaðarreikningur.

Áskoran og viðvör: Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómsal nr. 102, dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, þann 10. desember 2015, kl. 10,00 og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefndu og/eða fyrirsvarsmanna stefndu við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefndu með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 25. september 2015.

F. h. stefnanda,

Karl Óttar Pétursson hrl.

(2015018635

Útgáfud.: 12. október 2015

Lok slitameðferðar Askar Capital hf.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum þann 24. september 2015, var bú Askar Capital hf., kt. 441206-0110, Suðurlandsbraut 12, Reykjavík, tekið til

gjaldþrotaskipta.

Félagið var tekið til slitameðferðar samkvæmt ákvæðum laga nr. 161/2002, með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum þann 14. júlí 2010 og lauk slitameðferð með fyrrgreindum úrskurði um gjaldþrotaskipti félagsins. Undirritaður var skipaður skiptastjóri þrotabúsins.

Reykjavík, 24. september 2015.

Þorsteinn Einarsson hrl.

(2015018311

Útgáfud.: 15. október 2015

Auglýsing frá Minjastofnun Íslands

Minjastofnun Íslands auglýsir eftir umsóknum um styrki úr húsafríðunarsjóði fyrir árið 2016.

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðlýstra og friðaðra húsa og mannvirkja, sbr. reglur nr. 577/2014. Samkvæmt úthlutunarreglunum er heimilt að veita styrki úr sjóðnum til:

- Viðhalds og endurbóta á friðlýstum og friðuðum húsum og mannvirkjum.
- Viðhalds annarra mannvirkja sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi.
- Byggingarsögulegra rannsókna, þar með talið skráningu húsa og mannvirkja, og miðlun upplýsinga um þær.

Heimilt er að sækja um styrk til undirbúningsvinnu vegna verndarsvæða í byggð. Umsóknir eru metnar með tilliti til varðveislugildis, t.d. vegna byggingarlistar menningarsögu, umhverfis, upprunaleika og tæknilegs ástands ásamt gildis fyrir varðveislu byggingararfleifðarinnar. Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar, m.a. úthlutunarreglur, er að finna á heimasíðu Minjastofnunar Íslands, www.minjastofnun.is.

Umsóknarfrestur er til 1. desember 2015. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur koma ekki til álita við úthlutun.

Minjastofnun Íslands hefur eftirlit með að styrkt verkefni séu viðunandi af hendi leyst og í samræmi við innsend umsóknargögn. Bent er á leiðbeiningarit um viðhald og endurbætur friðaðra og varðveisluverðra húsa sem finna má á heimasíðu Minjastofnunar Íslands, undir gagnasafn og á Húsverndarstofu í Borgarsögusafni Reykjavíkur/Árbæjarsafni. Allar frekari upplýsingar veitir Minjastofnun í síma 570-1300 eða í tölvupósti husafridunarsjodur@minjastofnun.is.

Minjastofnun Íslands.

(2015018617

Lögbirtingablað,

85. tölublað 2015.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn í Vík,

Anna Birna Þráinsdóttir.